

1986 2

Hún Guðrún Jóns slysaðist til þess að biðja mig um að lýsa fyrir ykkur kosningabaráttu okkar Selfosskvenna, svo þið verðið víst bara að sætta ykkur við þá ákvörðun Guðrúnar.

Reyndar var þetta aldrei nein barátta, þetta var mikil vinna, mikil en mjög skemmtileg, en við fórum aldrei í slag við neinn. Við stelpurnar á Selfossi erum alveg sérstakar - eins og reyndar allar Kvennalistastelpur eru - það ásamt því að við tókum ekki þátt í skítkasti hinna framboðanna setti okkur strax í sérstöðu í bænum. Það var mjög mikið um okkur rætt, og að sjálfsögðu sýndist sitt hverjum, en ég held að vegna þess hvað við komum kynningu á okkur seint til fólksins, hafi áhuginn fyrir okkur haldist ferskur allan tímann fram að kosningu. Fyrir kosningarnar flæddu kosningapésar inn til fólks, pésar sem voru unnir meira af kappi en forsjá, og virtust hin framboðin að undanskyldu Flokki mannsins, keppast við það eitt að gefa út sem flest blöð, en innihald þeirra virtist vera algjört aukaatriði. Þarna skárum við okkur rækilega úr, við léturn fyrst prenta fyrir okkur plakat sem lítur svona út, fyrirmynnidin frá Reykjavíkurkonum.

Það kom út um miðjan maí og við dreifðum því í verslanir og svo fórum við með það í flest fyrirtæki á staðnum og fengum að hengja það upp á kaffistofum.

Réttri viku fyrir kjördag dreifðum við svo eina blaðinu sem við gátum út, það heitir Embla, Embla eftir fyrstu konunni sem ásar sköpuðu, hún var ekki sköpuð úr rifi karlmanns.

Tvö goð gengu eftir sjávarströnd og gengu þau fram á two trédrumbi, úr öðrum sköpuðu þeir konu en hinum karl. Við erum mjög stoltar af þessu blaði.

Það er að mestu unnið af okkur sjálfum og okkur finnst að vel hafi tekist með það, og það sem skiptir meira máli það mæltist mikið betur fyrir í bænum, heldur en allt flóðið hinna til saman. Ég álit að stór páttur í velgengni blaðsins sé að í því er hvergi vegið að hinum framboðunum og að við leyfum fólkini sjálfu að taka ákvörðun um hvað það vill kjósa.

Við segjum reyndar á baksíðu í auglýsingu um sameiginlegan framboðsfund allra framboða, Verum virkar - veljum V -. En þessi áskorun er að mér finnst í hógværari kantinum. Að öðru leyti biðjum við fólk ekki um að kjósa okkur. Lokaorðin hennar Siggu í leiðara blaðsins lýsa ágætlega þeim anda sem blaðið og reyndar öll kosningavinnan var unnin í.

En leiðarinn endar á þessa leið: "Við teljum það vera mikla ábyrgð að setja X við einhvern af þeim sex framboðslistum sem kosið verður á milli 31. maí. Við munum ekki reyna að smala atkvæðum með einhverjum gylliboðum, við viljum að fólk taki sínar sjálfstæðu ákvarðanir því það hefur frjálst val. Kjósendur góðir - sérstaklega þið sem farið nú að kjósa í fyrsta sinn - til hamingju - og gangi ykkur vel í ykkar vali".

Tilvitnun lýkur.

Við fórum líka á fjölmennstu vinnustaðina og héldum fundi með starfsfólki.

Þessir fundir voru í senn, skemmtilegir, lærðómsríkir og erfiðir, en þeir komu allir frekar jákvætt út fyrir okkur. Við héldum kynningarfund, vel undirbúinn og bæði stelpurnar okkar og stelpan úr Reykjavík, hún Ingibjög Sólrún, sem töluðu stóðu sig með mikilli prýði. Þessi fundur tókst mjög vel nema það vantaði bara áheyrendur, við vorum þarna flestar ásamt velunnendum en aðrir ekki. Nú svo tókum við þátt í sameigin-

legum framboðsfundi allra framboðanna sex, og í tengslum við þennan fund gerðum við einu mistökin sem ég tók eftir, þau hafa þó sjálfsgagt verið fleiri í formi þess sem við létum ógert en við erum allar óvanar og þess vegna kannske sáum við ekki fleiri samtök. En mistökin í sambandi við fundinn voru þau að við vorum ekki nógu tortryggjar og trúðum því að það yrði útvarpað frá fundinum, eins og ákveðið hafði verið og var gert 1982 og 1978.

Kl. 10 kvöldinu fyrir fundinn var okkur hins vegar sagt að ekki væri til sendir á lausu í landinu.

Við hefðum þó getað reddað þeim málum hefðum við fengið að vita af þessum vandræðum karlanna einum sólarhring fyrr.

Vandræðum skýri ég þetta en ég hef sterkan grun um að það heiti með réttu Pólitískt viljaleysi.

Ég fullyrði að þetta voru stór mistök hjá okkur, einfaldlega af því að við komumst svo glæsilega frá þessum fundi. Ég tel að hefði verið útvarpað þá hefðum við fengið tvær konur kjörnar, því það hafa svo ótrúlega margir sagt mér að þeir hafi skipt um skoðun á fundinum.

Við vorum að sjálfögðu með kaffi og meðlæti á boðstólum þegar skrifstofan var opin. Við lögðum metnað okkar í það að taka vel á móti gestum.

Til gamans langar mig að segja ykkur frá því að á fundinum kvöldinu fyrir kjördaginn var eingöngu rætt um meðlæti sem útvega þurfi fyrir þann dag. Ég heyrði aldrei neina konu spá í úrslitin né neitt þess háttar. Á kosningadaginn var hreint ótrúlega gaman, fullt hús af fólk allan daginn og alveg þar til úrslitin voru ljós.

Á kosningadaginn fórum við fimm saman á allar kosningaskrifstofurnar og það var alveg frábært.

Fólkis minnsti andlitin þegar við birtumst og vissi ekkert hvaðan á sig stóð veðrið. Lífsgleði okkar smitaði liðið þó fljótlega og flestir náðu andlitunum upp.

Á skrifstofu sjálfstæðismanna settist einn heiðblár sjalli við borðið hjá okkur og hann fór að segja okkur frá spá sem maður einn gerði fyrir kosningarnar 1982. Spái var á þá leið að M-listinn, sem þá var í framboði með konur í 4 efstu sætunum, hann kæmist hátt upp undir eina konu, þennan lista vantaði 1 atkvæði til að ná inn konu.

Nú væri þessi sami maður búinn að spá Kvennalistanum einni konu í bæjarstjórn. Þá sagði efsta konan okkar, "að þetta væri nú líklega rétt hjá honum, með tilliti til þess að það væri svo miklu styttra upp undir þá konu.